



Framkvæmdaáætlun
norrænu barna- og
ungmennanefndarinnar
2010–2013

Framkvæmdaáætlun norrænu barna- og ungmennanefndarinnar 2010–2013

ANP 2010:706

© Nordisk Ministerråd, København 2010

ISBN 978-92-893-2005-4

Prentun: Kailow Express ApS

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á www.norden.org/order. Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18

DK-1255 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18

DK-1255 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Efnisyrfilit

Inngangur	7
Hlutverk og markmið	9
1. Samhæfing og þverfaglegt starf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar	9
2. Starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar	10
2.1 Stuðningur við samtök og norrænt samstarf barna og ungmenna	10
2.2 Styðja þróun og kynningu á nýjum og gömlum aðferðum til að virkja börn og ungmenni í lýðræðisstarfi.	10
2.3 Áherslur á hnattvæðingu.	10
2.4 Auka margbreytileika meðal styrkþega Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar.	11
2.5 Fræða börn og ungmenni um mannréttindi og lýðræði.	11
2.6 Aukið samstarf og samhæfing með öðru alþjóðlegu æskulýðssamstarfi.	11
2.7 Auka og miðla þekkingu á börnum og ungmennum	12
2.8 Starfshættir Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar.	12
3. Árlegar starfsáætlanir	12
4. Eftirfylgni og endurmat	12

Inngangur

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar í æskulýðsmálum er í samræmi við almenna samstarfsáætlun hennar um málefni barna og ungmenna. Markmiðið hennar er að: Norðurlönd eigi að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni.

Norræna barna- og ungmennanefndin á að fylgja þeirri samstarfsáætlun sem og framkvæmdaáætluninni sem hér liggur fyrir. Markmiðið er að efla þverfaglega þætti í starfi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK). Þannig fléttast málefni barna og ungmenna inn í starf Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem það á við og kveðið er skýrt á um verkefni Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar. Norræna barna- og ungmennanefndin er samstarfsvettvangur norrænu ríkjanna og sjálfstjórnarsvæðanna í æskulýðsmálum og er hún skipuð fulltrúum yfirvalda og æskulýðsnefnda landanna. Börn og ungmenni eru allir á aldrinum 0–25 ára en aldurskiptingin getur verið breytileg eftir aðstæðum.

Hlutverk og markmið

Hlutverk framkvæmdaáætlunarinnar og Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar er að móta starf í anda norrænu samstarfsáætlunarinnar um málefni barna og ungmenna. Markmiðið með starfi Norrænu ráðherranefndarinnar að æskulýðsmálum er að bæta lífskjör og auka áhrif barna og ungmenna.

Farnar eru tvær leiðir:

1. Norræna barna- og ungmennanefndin samhæfir starfið og vinnur þverfaglega til að samþætta enn frekar sjónarmið barna og ungmenna samstarfssviðum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem það á við, og
2. Starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar sjálfrar.

1. Samhæfing og þverfaglegt starf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar

Norræna barna- og ungmennanefndin á að styðja starf á öðrum samstarfssviðum til að ná markmiðum samstarfsáætlunarinnar, samhæfa eftirfylgni hennar og samræma störf Norrænu ráðherranefndarinnar í æskulýðsmálum. Norræna barna- og ungmennanefndin vill auka þverfaglegt samstarf um viðburði og önnur málefni sem kveðið er á um í samstarfsáætluninni. Norræna barna- og ungmennanefndin veitir ráðgjöf um hvernig auka má þátttöku og áhrif barna og ungmenna.

Norræna barna- og ungmennanefndin á að:

- Aðstoða ráðherranefndir við að fylgja samstarfsáætluninni, t.d. með því að miðla þekkingu á lífskjörum barna og ungmenna sem verður til í starfi og verkefnum nefndarinnar.
- Kynna samstarfsáætlunina.
- Hvetja til samskipta og miðlunar reynslu milli samstarfssviða og leita eftir þátttöku þeirra í þverfaglegum verkefnum.
- Veita umsögn um allar nýjar framkvæmdaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á þeim forgangssviðum sem getið er í samstarfsáætluninni.
- Safna árlega skýrslum samstarfssviða um störf þeirra að málefnum barna og ungmenna.

Árangur af starfi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar með samstarfsáætlunina verður metinn á árinu 2012.

2. Starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar

Eigi almenn markmið samstarfsáætlunarinnar að nást nægir ekki að Norræna barna- og ungmennanefndin sinni þverfaglegu starfi heldur þarf hún einnig að ráðast í verkefni á forgangssviðum sem falla ekki undir önnur samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar.

2.1 *Stuðningur við samtök og norrænt samstarf barna og ungmenna.*

Norræna barna- og ungmennanefndin sér um styrkveitingar til verkefna og æskulýðssamtaka. Forgangsröðun markmiða samstarfsáætlunarinnar á að endurspeglast skýrt í styrkveitingum. Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna er lögð mikil áhersla á aldur, margbreytileika og jafnrétti, málefni fatlaðra, norrænt notagildi og norrænt samstarf á alþjóðavettvangi. Þessir þættir eiga einnig að ráða miklu um úthlutun styrkja. Styrkjakerfið á að stuðla að því að forgangsröðun samstarfsáætlunarinnar komi einnig fram við úthlutun. Þá eiga styrkir til samtaka barna og ungmenna að vera það sveigjanlegir að þeir hvetji til nýrra samstarfshátta.

2.2 *Styðja þróun og kynningu á nýjum og gömlum aðferðum til að virkja börn og ungmenni í lýðræðisstarfi.*

Um langa hríð hefur athygli beinst að virkni barna og ungmenna. Þátttaka æskufólks er mikilvæg á öllum stigum stjórn mála á Norðurlöndum. Í æskulýðsstefnu ríkjanna er fjallað um virka þátttöku barna og ungmenna og í sveitarfélögum hafa verið farnar ýmsar nýjar leiðir í þeim efnum. Dræmur áhugi barna og ungmenna á hefðbundnum samstarfsháttum hefur verið mörgum áhyggjuefni. Norræna barna- og ungmennanefndin kýs að beina sjónum að þeim vanda sem felst í núverandi skipulagi. Ráðandi stofnanir þurfa að veita börnum og ungmennum raunveruleg áhrif og tryggja þannig rétt þeirra til að hafa áhrif á líf sitt, nánasta umhverfi og þróun samfélagsins. Norræna barna- og ungmennanefndin styðst við samstjórnun (co-management) þar sem fulltrúar æskulýðssamtaka og yfirvalda sitja við sama borð.

2.3 *Áherslur á hnattvæðingu.*

Norræna barna- og ungmennanefndin telur að huga þurfi að viðhorfum barna og ungmenna þegar teknar eru ákvarðanir um hnattvæðingaraðgerðir. Sjálfbærar og lýðræðislegar ákvarðanir kalla á raunveruleg áhrif og virkni barna og ungmenna, nú og til framtíðar. Því verða börn og ungmenni að taka þátt á öllum stigum hnattvæðingaraðgerða, frá undirbúningi til framkvæmdar. Norrænu barna- og ungmennanefndinni á að gefast kostur á að gefa álit sitt á hnattvæðingarverkefnum frá sjónarhóli

barna og ungmenna, eins á nefndin að koma að stefnumótun Norrænu ráðherranefndarinnar í hnattvæðingarstarfi.

2.4 Auka margbreytileika meðal styrkþega Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar.

Margbreytileiki og jafnrétti eru mikilvægir þættir í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna. Starf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar tekur ekki aðeins mið af aldri heldur einnig öðrum þáttum eins og kyni, uppruna, kynferði og fötlun. Oft eru innbyrðis tengsl þar á milli. Norræna barna- og ungmennanefndin á að leggja sérlega áherslu á margbreytileika í æskulýðsmálum. Hún á enn sem fyrr að sinna viðfangsefnum í tengslum við fjölmenningu á Norðurlöndum. Í fyrsta lagi með því að kynna styrki og forgangsraða þannig að fleiri börnum og ungmennum gefist kostur á að sækja um styrki til samtaka eða verkefna. Í öðru lagi þarf að gera styrkjakerfið aðgengilegra fyrir börn og ungmenni á Norðurlöndum.

2.5 Fræða börn og ungmenni um mannréttindi og lýðræði.

Markmiðið er að öll börn og ungmenni njóti réttinda í lýðræðislegu og auðgandi samfélagi sem er fyrir alla í stað viðhorfa sem hvetja til útilokunar. Ríki og sjálfstjórnarsvæði á Norðurlöndum hafa allar forsendur til að tryggja þegnum sínum borgaraleg, pólitísk, efnahagsleg og félagsleg réttindi. Öll norrænu ríkin hafa staðfest Barnasáttmála SP. Allir þurfa að þekkja sáttmálann og framfylgja honum til að standa vörð um og efla mannréttindi barna og ungmenna. Styrkjakerfi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar er ein leið til að styðja verkefni sem upplýsa um mannréttindi og lýðræði. Þekking gerir börnum og ungmennum kleyft að nýta réttindi sín.

2.6 Aukið samstarf og samhæfing með öðru alþjóðlegu æskulýðssamstarfi.

Norræna barna- og ungmennanefndin á að efla samstarf við önnur alþjóðleg æskulýðssamtök, þar á meðal Norðurlandaráð æskunnar. Norræna barna- og ungmennanefndin á að ná samlegðaráhrifum með því að styðja upplýsingaskipti um evrópsk og alþjóðleg málefni barna og ungmenna. Norræna barna- og ungmennanefndin á að leita eftir samstarfi um æskulýðsmál við grannríki Norðurlanda, þar á meðal sjálfstjórnarsvæðin og nágretta þeirra. Þá á Norræna barna- og ungmennanefndin að starfa og leita eftir samhæfingu með samstarfsaðilum í æskulýðsmálum í Norður-Evrópu.

2.7 Auka og miðla þekkingu á börnum og ungmennum.

Umfangsmiklar æskulýðsrannsóknir eru stundaðar á Norðurlöndum. Að þeim koma fræðimenn í ýmsum greinum við háskóla og eins eru þær unnar sjálfstætt að beiðni yfirvalda ríkis eða sveitarfélaga. Norræna barna- og ungmennanefndin þarfnast þekkingar á málefnum barna og ungmenna í starfi sínu og til að ná settum markmiðum. Þá er ekki síður þörf á breiðri þekkingu til að styðja við Norrænu ráðherranefndina á sviði æskulýðsmála. Eitt meginverkefni Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar er að safna saman og miðla niðurstöðum rannsókna á málefnum barna og ungmenna. Sameiginleg uppbygging þekkingar á Norðurlöndum eykur þekkingu á æskulýðsmálum. Norræna barna- og ungmennanefndin á að miðla þekkingu til Norrænu ráðherranefndarinnar, norrænna yfirvalda og æskulýðssamtaka. Norræna barna- og ungmennanefndin getur tekið frumkvæði að rannsóknum þar sem þekkingar er þörf.

2.8 Starfshættir Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar.

Norræna barna- og ungmennanefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári. Vinnuhóp nefndarinnar skipa fulltrúar formennskulandsins og þess ríkis sem tekur við formennsku á næsta ári. Hópurinn fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári. Tveir fundir vinnuhópsins eru haldnir í tengslum við tvo fundi nefndarinnar. Vinnuhópurinn sér um undirbúning og framkvæmd nefndarfunda í samráði við skrifstofu ráðherranefndarinnar. Nefndir skiptir sér í minni hópa til þess að geta fylgst betur með því starfi sem fram fer á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í æskulýðsmálum. Hóparnir annast samskipti við ákveðin samstarfssvið. Norræna barna- og ungmennanefndin skipar í undirhópana og ákveður umboð þeirra.

3. Árlegar starfsáætlanir

Æskulýðsmál eru í stöðugri þróun og kallar það á sveigjanleika í framkvæmdaáætluninni. Það er tryggt við gerð formennskuáætlunar komandi árs. Norræna barna- og ungmennanefndin ákveður árlega hvaða verkefni verði ráðist í á þeim sviðum sem hér hafa verið nefnd. Árlegar starfsáætlanir þurfa einnig að gefa svigrúm fyrir aðgerðir sem ekki var hægt að sjá fyrir. Framvinda æskulýðsmála hjá Norrænu ráðherranefndinni, í löndunum og umheiminum getur kallað á óvæntar aðgerðir.

4. Eftirfylgni og endurmat

Stöðugt þarf að fylgja eftir og endurmeta starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar. Árangur framkvæmdaáætlunarinnar verður metinn á árinu 2012.

Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu framkvæmdaáætlunina á fundi sínum í Kaupmannahöfn 4. desember 2009.